

## Skólaráðsfundur 6. desember 2022

Mættir eru: Lís Greipsson, Petra Eiríksdóttir, Dóra Linda Pálmarsdóttir, Hildur Snorradóttir, Sara María Ingólfssdóttir, Steinunn Þorkelsdóttir, Ásdís Valsdóttir og Erla Björnsdóttir.

Fundarritari: Erla Björnsdóttir.

Fundur hefst kl. 16:30

1. Farið yfir kjörna fulltrúa skólaráðsins þetta skólaárið. Þeir eru:

Lís Greipsson skólastjóri

Petra Eiríksdóttir, fulltrúi foreldra kjörin haust 2021

Dóra Linda Pálmarsdóttir, fulltrúi foreldra kjörin haust 2022

Sigríður Halldórsdóttir fulltrúi kennara kjörin haust 2021 – er í fæðingarorlofi. Steinunn Þorkelsdóttir varamaður leysir hana af í vetur.

Ásdís Valsdóttir fulltrúi kennara kjörin haust 2022

Erla Björnsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna kjörin haust 2021

Hildur Snorradóttir, fulltrúi nemenda kjörin haust 2021

Sara María Ingólfssdóttir, fulltrúi nemenda kjörin haust 2022

Varamenn eru: Steinunn Þorkelsdóttir, fulltrúi kennara körin haust 2022.

Sigrún Halldórsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna kjörin haust 2022

Vantar fulltrúa frá grenndarsamfélagi.

2. Farið yfir starfsáætlun skólaráðs þetta skólaárið. M.a. rætt um ritara en undanfarin ár hafa meðlimir skólaráðs skipst á að rita fundargerð. Lís sendir svo fundargerð til allra í skólaráði þar sem óskað er eftir athugasemdum og birtir þær svo á vefsíðu skólans. Ráðið velur sér fundartíma en miðað er við að funda sex sinnum yfir skólaárið. Þriðjudagar verða fyrir valinu og tímasetning er 16:30 – 17:30 eins og verið hefur undanfarin ár. Lís mun senda út hugmyndir af fundardögum út skólaárið.
3. Farið yfir handbók skólaráðs sem er að finna á vefsíðu Heimilis og skóla. Linkur:

[https://uploads-ssl.webflow.com/60e71b181988600ec97c52e5/61af63f49423f1341aa2c582\\_Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf](https://uploads-ssl.webflow.com/60e71b181988600ec97c52e5/61af63f49423f1341aa2c582_Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf)

Í handbókinni er m.a. farið yfir helstu hlutverk skólaráðs. Lís flettir í gegnum bókina og nefnir t.d. að skólaráð geti staðið fyrir nemenda – og/eða foreldraþingi og hefur það verið rætt undanfarin ár en ekki verið hægt að koma því við út af Covid. Einnig getur skólaráð komið að ákveðinni stefnumótun varðandi t.d. einstakar námsgreinar, samskipti, líðan nemenda og fleira í þeim dúr ef áhugi eða þörf er fyrir því. Þar að auki er meiriháttar breytingum í skólastarfi vísað til skólaráðs. Lís bendir á möguleikann að funda með stjórn nemendafélagsins og gera það árlega. Ákveðið er að skipuleggja slíkan fund á fyrsta fundi á nýju ári svo hægt sé að funda með þeim á fundinum þar á eftir. Einnig talað um fund með foreldrum.

4. Það kom upp hugmynd að taka saman nokkra punkta um hlutverk skólaráðs og senda út til foreldra svo þeir séu meðvitaðir um að ráðið sé til staðar og að þeir geti leitað til okkar með ýmis málefni. Petra ætlar að taka þetta saman og senda á Lísu skólastjóra sem kemur þessu áfram til foreldra.
5. Rætt um samrekin leik – og grunnskóla en það getur stundum reynst flókið fyrirkomulag. Til að mynda hafa þó nokkrir foreldrar haft samband þar sem þeim þykir undarlegt að fá rukkun frá foreldrafélagi Lágafellsskóla og virðast ekki átta sig á að það félag er fyrir báðar þessar stofnanir. Haldið er utan um fjármagn foreldrafélagsins fyrir hvora einingu en þetta flækir þó ýmislegt varðandi marga hluti. Foreldrafélag gefur sitthvora gjöfina til hvorrar einingar fyrir sig. Umræður um hvort hægt væri að aðskilja þetta þannig að það væri þá sér foreldrafélag fyrir Höfðaberg, hvort það myndi mögulega nýtast þeim betur. Engin ákvörðun tekin hvað það varðar að svo stöddu.
6. Farið yfir stöðugildi í Lágafellsskóla – grunnskólahluta. Þar eru nú starfandi 103 starfsmenn í misháum stöðugildum, bæði í grunnskóla og í frístund. Nú eru rúmlega 60 stöðugildi kennara, þar af 8 leiðbeinendur (4 af þeim eru í kennaranámi). Stjórnendastöður eru 9, tvær í leikskóla, fimm í grunnskóla og tvær í frístund. Í stoðþjónustunni eru 9 stöðugildi en þar eru starfandi náms- og starfsráðgjafi, iðjuþjálfari, þroskaþjálfari og sérkennarar. Í eldhúsi og skólaliðastöðum eru nú 4 stöðugildi. 7,21 stöðugildi eru í frístund og 10,2 stöðugildi stuðningsfulltrúa. Spurt er hvort það vanti í einhverjar stöður og staðan þannig núna að tvær stöður eru í auglýsingu, önnur fyrir þroskaþjálfara í grunnskólahlutanum og hin fyrir kennara í Fellinu.
7. Farið yfir nemendafjölda skólaársins. Í leikskólahluta eru nú 140 nemendur á sjö deildum (börn fædd 2017-2019) og í grunnskólahluta eru 611 nemendur frá 1. og upp í 10. bekk.
8. Farið yfir hin ýmsu verkefni sem hefð er fyrir í skólanum fyrr og nú. Stiklað var á stóru en má m.a. nefna verkefni eins og gangbrautavörslu 10.bekkinga, lestrarstefnu skólans, vinaliðaverkefni í 3.-7. bekk, skólavini, Fellið sem er námsver fyrir nemendur í 8.-10.bekki og Bergið sem er námsver fyrir nemendur í 5.-7.bekki. Einnig var nefnd uppbyggingastefnan, heilsueflandi skóli, Lágafellsleikar, þemadagar og afmæli skólans, skiptiheimsóknir við danskan skóla sem er valáfangi í 10.bekki, aukin áhersla á teymiskennslu í ýmsum árgöngum, aukin áhersla á notkun á google classroom sem gengur vel, menntabúðir í Mosfellsbæ, 1.-2.bekkur inn í aðalbyggingu árið 2021 sem kallaði á töluverðar breytingar auk þess sem leikskólinn hefur verið stækkaður um þrjár deildir frá hausti 2021.
9. Önnur mál: Frá foreldrafélagi voru tvö mál frá fyrra skólaári; símalaus skóli og umbætur á skólalóð. Ákveðið var að foreldrafélagið muni kynna það betur fyrir ráðinu á næsta fundi.